

Mánudaginn 21. maí 1973.

Nr. 77/1973: Valdstjórnin
gegn
Haraldi Ólafssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar:

Með kæru 15. maí 1973, sem barst Hæstarétti 17. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. maí 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 15. maí, var úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið var í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg af Þórði Björnssyni yfirsakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Jóni A. Ólafssyni og Sverri Einarssyni.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 14. þ. m., er höfðað opinbert mál á hendur Haraldi Ólafssyni, Viðimel 32 í Reykjavík, fæddum þar í borg 19. ágúst 1946, fyrir brot á 211. gr., sbr. 20. gr., en til vara fyrir brot á 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og fyrir brot á 1. mgr. 217. gr., 4. mgr. 220. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga.

Málavextir eru þessir í stuttu máli.

Laust fyrir klukkan 1400 sunnudaginn 14. janúar 1973 var lögreglan í Reykjavík beðin um skjóta aðstoð að Yrsufelli 11 vegna manns, sem væri þar á efstu hæð hússins með byssu og væri að

skjóta á fólk. Lögreglumenn, sem komu á staðinn, handtóku þar ákærða, Harald Ólafsson.

Dómsrannsókn hefur farið fram í málinu. Bera vitni, að ákærði hafi skotið með haglabyssu í gegnum hurð að íbúð Elínar B. Ólafsdóttur á 4. hæð, en hún er fyrrverandi tengdamóðir hans, og að í framhaldi af því hafi hann sprengt upp dyrnar. Við skotið hafi högl lent í Elínu, sem staðið hafi innan við dyrnar, og auk þess hafi sonur hennar, Þórhallur Ölver, særzt á brjósti af tréflísum úr hurðinni. Síðan er ákærði sagður hafa hleypt af fleiri skotum í íbúðinni og aftur hafi högl lent í Elínu. Hafi Elínu tekizt að sleppa út úr íbúðinni og niður í íbúð á næstu hæð, en á leið hennar niður stigann á ákærði að hafa skotið á eftir henni. Bera vitni, að ákærði hafi sprengt upp dyr að annarri íbúð á næstu hæð fyrir neðan, þegar hann hafi komið þangað, og síðan hafi hann ruðzt inn með byssuna í höndunum, en þar var nokkurt fólk fyrir. Hafsteinn Jósefsson, íbúi í húsinu, hafi reynt að ýta frá sér byssunni, sem beindist að honum, en þá hafi skot hlaupið úr henni í hægri fót hans með þeim afleiðingum, að taka varð af honum fótinn fyrir ofan hné. Þá bera vitni, að ákærði hafi að lokum verið yfirbugaður af Ólafi Ögmundssyni, Stigahlíð 24, en hann var gestkomandi í húsinu. Byssunni er ákærði sagður hafa stolið frá kunningja sínum að Nökkvavogi 62.

Ákærði hefur verið yfirheyrður í dómi um atburði þessa, en ber við minnisleysi vegna ölvunnar. Hann hefur gengizt undir rannsókn á andlegri og líkamlegri heilbrigði sinni, en skýrsla hefur enn eigi borizt um niðurstöður þeirrar rannsóknar.

Hinn 15. janúar s.l. var ákærði úrskurðaður í gæzluvarðhald allt að 60 dögum, og var sú vist framlengd 15. marz s.l. frá og með 16. marz s.l. um jafnlangan tíma, eða nánar tiltekið til kl. 1134 í dag. Af hálfu saksóknara ríkisins er þess krafizt, að gæzluvarðhaldsvist ákærða verði framlengd, þar til héraðsdómur gengur, en af hálfu verjanda ákærða er mótmælt framlengingu á þeirri vist hans, enda sé rannsókn málsins nú lokið.

Samkvæmt því, sem fyrr var rakið í úrskurði þessum, svo og með skírskotun til 67. gr., 1. mgr., 4. tl., laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála þykir rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist ákærða um allt að 8 vikum, eða til þriðjudagsins 10. júlí 1973, klukkan 1134.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist ákærða, Haralds Ólafssonar, framleng-

ist um allt að 8 vikum, eða til þriðjudagsins 10. júlí 1973, klukkan 1134.

Fimmtudaginn 24. maí 1973.

Nr. 28/1973: **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson settur saksóknari
ríkisins)

gegn

Hjörleifi Guðmundssyni

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar:

Guðmundur L. Jóhannesson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði er í máli þessu sóttur til saka fyrir brot gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Málið var sótt og varið munnlega, svo sem boðið er í 1. málsg. 1. tl. 130. gr. laga nr. 82/1961. Fór munnlegur málflutningur fram hinn 10. maí 1972. Segir svo í lok bókunar í því þinghaldi: „Eftir ítrekun krafna lögðu báðir (þ. e. saksóknari og verjandi) málið í dóm“. Ekki er þó bókað, að málið hafi verið dómtekið þá. Hinn 16. maí 1972 er tekin skýrsla fyrir dómi af einu vitni sem komið hafði fyrir rannsóknarlögreglu. Er bókað í þingbók, að sækjandi og verjandi séu samþykkir þessari fyrirtöku máls, en óski ekki að vera viðstaddir. Næst þingaði dómari í málinu hinn 20. ágúst 1972. Segir svo í upphafi bókunar: „Málið var dómtekið, en hvorki saksóknari né verjandi ákærða óskuðu eftir frekari málflutningi eftir yfirheyrslu vitnisins Ellerts Svavarssonar“, þ. e. vitnis þess, er kom fyrir dóm hinn 16.